

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 187/2016

2018/EES/19/24

frá 23. september 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/28/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða sprengiefni til almennra nota fram á markaði og um eftirlit með þeim <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun 2014/28/ESB fellir úr gildi tilskipun ráðsins 93/15/EBE <sup>(2)</sup> og tilskipun ráðsins 2004/57/EB <sup>(3)</sup>, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn, og ber því að fella gerðirnar á brott úr samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XXIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Í stað texta 1. liðar (tilskipun ráðsins 93/15/EBE) kemur eftirfarandi:

„**32014 L 0028**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/28/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða sprengiefni til almennra nota fram á markaði og um eftirlit með þeim (endurútgefin) (Stjútíð. ESB L 96, 28.6.2013, bls. 1).“

2. Texti 3. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/57/EBE) er felldur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/28/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

(<sup>1</sup>) Stjútíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjútíð. ESB L 121, 15.5.1993, bls. 20.

(<sup>3</sup>) Stjútíð. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 73.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Bergdís Ellertsdóttir***

formaður.